

Ed.

163. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það nái fram að ganga. Hinsvegar telur nefndin eigi rétt að leggja á sáttanefndirnar þá aukna vinnu, sem ætla má að leiði af lögnum, án þess að hækka nokkuð þóknun til þeirra fyrir uppkvaðningu úrskurða. Ber nefndin því fram svofellda

VIÐAUKATILLÖGU:

Á eftir frv.greininni, sem verður 1. gr., komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

9. gr. laganna orðist svo:

Fyrir uppsögu og bókun úrskurðar greiðist tveggja króna gjald til hvers sáttanefndarmanns, er þar á hlut í, ef kröfuupphæð fer fram úr 50 kr., en að öðrum kosti ein kr. Fyrir endurrit úr sáttabók greiðist 50 aurar fyrir hverja örð hálf eða þaðan af minna.

Alþingi, 13. marz 1931.

Ingvar Pálmason,
form.

Pétur Magnússon,
frsm.

Erlingur Friðjónsson,
fundaskrifari.